

## Já lengi skal af langömmu aski njóta!

Við erum orðin eins og tré  
sem engu laufi fagna,  
getum samt sagt að gleðin sé  
gjörningur fornra sagna  
en askurinn sjálfur ekkert vé  
og allir fuglar þagna.

*Matthíasi Johannessen*

Menn horfnir eða eru að hverfa, enn þegja allir.



### Mbl. 27. 9. 2014.

Forstjórar nokkurra ríkisstofnana fengu milljónabætur  
Seðlabankastjóri kanni áhrif af úrskurði kjararáðs á kjör  
forstöðumanna samkv. Mbl.

*Er ekki rétt að launalágur Seðlabankastjóri kanni áhrif  
af úrskurði f.v. ríkisstjórnar um kjör eldri borgara og láti  
núverandi ríkisstjórn greiða eldri borgurum til baka þær  
skerðingar sem brustu á 1. júlí 2009 og nema nú um ca.  
20 milljarða króna.*

Annars förum við að taka sterklega undir með Styrmi  
Gunnarssyni f.v. ritstjóra Mbl. um núverandi unglingar við  
stýri þjóðarskútunnar séu að hamast í þéttum og ógeðslegum  
skerjagarði og skapi þar með ógeðslegt og drulluskítugt  
samfélag áhafnar skútunnar aftur. Já ógeðslegt samfélag  
sagði Styrmir. Við stöndum í þakkarskuld við Styrmi að hafa  
bent okkur á þetta, svona óumbeidd og þökkum Guði og  
Matthíasi fyrir að gefa Styrmi mikinn greiningar hæfileika.

JAFNRÉTTI  
Virðing  
Réttlæti  
Heiðarleiki  
Fjölskyldan  
Jöfnuður  
Kærleikur  
frelsi  
Mannréttindi  
Menntun  
ÁBYRGÐ  
Sjálfbærni  
Lýðræði  
Traust  
Öryggi

# Að fortíð skal hyggja þegar framtíð skal byggja

Fimmtudaginn 29. mars 1973 var haldinn stofnfundur að Samtökum aldraðra og eftirlaunafólks, samkvæmt auglýsingu í Morgunblaðinu sama dag. Verkefnin þá, eins og reyndar nú, til að bæta kjör og aðbúnað aldraðra voru óþrjótandi og var ómetanlegt að hafa þá í stafni það öfluga forystufólk sem boðaði til fundarins. Það er ekki síst að þakka þeirri kynslóð sem þetta gerði fyrir að hafa lagt grunninn að þeim lífsgæðum sem við Íslendingar búum við í dag og gerðu þjóð okkar samkeppnishæfa og hamingjusama. Þá varð mönnum líka orðið ljóst að bjóða yrði eldri borgurum upp á búsetukosti sem hæfðu þörfum þeirra og ekki síst sjálfsvirðingu á

ævikvöldi. Framsögu í málinu hafði Auðunn Hermannsson og skýrði frá tilgangi með stofnun þessara samtaka. Lagði hann áherslu á að fólk tæki höndum saman og geri tilraun til úrbóta í málefnum aldraðra, sem og að byggja íbúðir sem miðaðar væru við þarfir aldraðra. Lagði hann til að samtök þessi næðu til landsmanna allra og á vegum þess yrðu einnig reist hjúkrunarheimili. Fékk Auðunn mjög góðar undirtektir. Fundinn auglýsti Auðunn Hermannsson fyrir hönd fundarboðenda. Fundinn sóttu um tvö hundruð manns. Fundarstjóri var tilnefndur Guðmundur H Garðarsson og ritari Gyða Jóhannsdóttir.

## Byggingarframkvæmdir Samtaka aldraðra fram til þessa eru;

1. Akraland 1 og 3 samtals 14 íbúðir afhentar 1984.
2. Bólstaðarhlíð 41 og 45 samtals 65 íbúðir afhentar 1986 og 1987.
3. Dalbraut 18 og 20 samtals 47 íbúðir, afhentar 1987.
4. Aflagrandi 40 samtals 60 íbúðir, afhentar 1989.
5. Sléttuvegur 11 og 13 samtals 51 íbúð, afhentar 1992.
6. Dalbraut 16 samtals 23 íbúðir, afhentar 1999.
7. Dalbraut 14 samtals 27 íbúðir, afhentar 2003.
8. Sléttuvegur 19 - 23 samtals 70 íbúðir, afhentar 2007.
9. Sléttuvegur 29 - 31 samtals 58 íbúðir, afhentar í feb. 2011.
10. Kópavogstún 2-4 samtals 28 íbúðir, afhentar í ágúst 2013.

### Samtals 443 íbúðir.

En er eftir að byggja og reka þjónustu og líknarheimili fyrir aldraða. Og hefjast handa við stofnun leigufélags á grunvelli laga um Húsnæðissamvinnufélög.

Framundan mikil fjölgunarþörf. Þess vegna verða tveir kynningarfundir í október, annarsvegum um hús í Mosfellsbæ og hinsvegum í Kópavogi. Og vonandi fyrir áramót Stakkahlíð fyrir allt að 50 íbúðir í næsta nágrenni við Bólstarhlíðarhús Samtaka aldraðra. Deiliskipulag verður auglýst til athugasemda á næstu dögum, en eftir það ferli er hægt að hefja loka hönnun.



# Glæsiíbúðir - margir mögulegir kostir

Gerplandi 13-15, Helgafellslandi í Mosfellsbæ.



Undanfarna mánuði hafa viðræður farið fram milli Hrunnar fasteignafélags h/f og Samtaka aldraðra um mögulega samvinnu um byggingu allt að 48 íbúða í Helgafellslandi í Mosfellsbæ. Niðurstaða Hrunnar viðræðna er að halda til enda samningaviðræðum og er því nauðsynlegt næsta skref lögum samkvæmt og hefðum samtakanna að halda kynningarfund um samningsdrög, tæknilegar útfærslur, fylgihluti, og kvaðir og réttindi ofl., t.d. félagsleg grundvallaratriði. Allt þetta ásamt því að kynna kostnaðartölur og kynna brúarláns leiðir fyrir byggjendur. Ef áhugi er vakinn á þátttöku verður í framhaldinu íbúða valfundur, en þar ræðst fyrsta val af lengd aðildar að Samtökum aldraðra og svo koll af kolli. Fyrsti kynningarfundur fyrir félaga Samtaka aldraðra og aðra áhugasama, sem eru á þröskuldi 55 ára aldurs og vilja ganga til liðs við samtökin, verður haldinn í Listasal Mosfellsbæjar Kjarna Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ 10. október kl. 17.30.

- Um er að ræða 8 íbúða fjölbýlishús á lóð við Gerplustræti 13 - 15. Húsin eru á fjórum hæðum, tvær íbúðir á hæð, með aðkomu sunnanmegin frá Gerplustræti. Á hverri lóð eru 2 byggingar með sameiginlegu opnu grænu svæði fyrir miðju lóðar og

bílgeymslu sem er að hluta til niðurgráfin. Aðaleinkenni hússins eru stórar útsýnisvalir – einskonar “andlit” hússins – sem þekja alla suðurhlið frá 2. – 4. hæðar.

- Húsin eru á fjórum hæðum með lyftu- og stigakjarna milli 4. hæðar og bílageymslu í kjallara.
- Á hverri lóð eru tvær byggingar með sameiginlegu grænu svæði til
- útivistar fyrir miðju lóðar.
- Stærðir íbúða eru á bilinu 88 til 131 m<sup>2</sup>, auk sameignar.
- Hverri íbúð fylgir bílastæði í bílageymslu.
- Aðeins tvær íbúðir eru á hverri hæð og því gluggar á þremur hliðum.
- Aðaleinkenni hússins eru stórar útsýnisvalir sem þekja alla suðurhlið
- frá 2. – 4. hæðar með möguleika á svalalokun.
- Vel skipulagðar og bjartar íbúðir í fallegu umhverfi.
- Gott aðgengi að aðliggjandi útivistarsvæðum og mikilli náttúrufegurð
- Í göngufæri við Álafossvosina
- Í nálægð við heilsu- og endurhæfingar tengda starfsemi s.s. Reykjaland og Íþróttamiðstöðvar
- og sundlaugar að Varmá og Lágafelli
- Stutt í matvörubúðir og alla þjónustu í miðbæ Mosfellsbæjar

## Heimþjónusta


Heimþjónusta er veitt af hálfu Mosfellsbæjar. Markmið heimþjónustu er að efla fólk til sjálfsbjargar og gera því kleift að búa sem lengst í heimahúsi. Í boði er:

- Aðstoð við persónulega umhirðu og heimilishald
- Félagsgalur stuðningur
- Heimsending matar
- Aðstoð við þrif
- Ferðþjónusta fyrir fatlaða




Gluggar eru á þremur útveggjum íbúða í Gerpulandi í Mosfellsbæ.

Íbúðir 2-4. hæðar.





Íbúðir 1. hæðar með sérgörðum þeirra.



# Kópavogur

Viðræður staðið yfir við Dverghamar ehf. um byggingu 22 íbúða húss á Kópavogsgærði 5 og 7. Dverghamar byggði fyrir félagi í Samtökum aldraðra Kópavogtún 2-4 og afhentu 28 íbúðir þess húss í ágúst 2013 til eigenda, sem lýstu yfir ánægju sinni með framkvæmd alla.

Fyrsti kynningarfundur fyrir félagi Samtaka aldraðra og aðra áhugasama, sem eru á þröskuldi 55 ára aldurs og vilja ganga til liðs við samtökin, verður haldinn miðvikudaginn 14 október Kl. 17.30. í fundarsal Sléttuvegar 19-23 Reykjavík. Á fundinum verða lagðar fram teikningar af skipulagi íbúða.



**Myndir af væntanlegum húsum á Kópavogsgærði 5-7.**



# Reykjavík

Þá hefur Reykjavíkurborg gefið Samtökum aldraðra vilyrði fyrir lóð við Stakkahlíð fyrir allt að 50 íbúðir í næsta nágrenni við Bólstarhlíðarhús Samtaka aldraðra. Deiliskipulag verður auglýst til athugasemda á næstu dögum, en eftir það ferli er hægt að hefja hönnun.

**Byggingarsvæði Stakkahlíðar.**



**Guli turninn er á byggingarlóð Samtaka aldraðra.**

# Síðasti stjórnarfundur Ingvars Georgssonar 10. 9. 2014

Im memoriam.

Ingvar Georgsson gjaldkeri Samtaka aldraðra.



Frá vinstri: Ingvar, Ingólfur Antonsson, Erna Fríða Berg, Dóra Sif Wium og Páll Jónsson.

Það eru aðeins nokkrar vikur síðan ég átti með Ingvari stundir, en síðan var stjórnarfundur Samtaka aldraðra, sem varð að halda, þar sem Ingvar og hans trausti förunautur og eiginkona Sigríður Þorláksdóttir hugðu hvíld og frið að finna á fjarlægum friðar stað. Því miður mátti öðruvísi verða.

En það mátti líka öðruvísi verða að ég ætti göngugetu á stjórnarfundinn. Viðgerðar þörf kallaði mig á hjartadeild og því gerðust sögulegu tíðindi að kona stjórnaði fundi stjórnar Samtaka aldraðra, í fyrsta skipti á 42 ára starfsferli. Sem betur fer var stjórn samtakanna ljóst að mynd yrði að taka af sögulegum áfanga.

Síðast verkefni Ingvars fyrir SA, má þá líka vera á veggfestu þilja húsnæðis samtakanna.

Það hafa mörg vötn til sjávar runnið á árum SA, og margt á daganna drifið. Sumt má geymast annað gleymast eins og gengur. Margt hefur verið svo stór-skemmtilegt, að efni væri í heilar bækur t.d. áfangarnir í byggingarsögu íbúða Samtaka aldraðra þar sem ryðja hefur þurft burt marga erfiða farartálma og gleðistundirnar við afhendingu íbúðanna og sigrum þegar við lukum öðrum velferðarverkefnum samtakanna. Allt þetta hefur frá upphafi verið gert við frumstæð skilyrði og alltaf við of lítið fjármagn.

Við getum sagt með handaflinu eða hugsjónum einu saman.

Það var og er reyndar enn þynnum stráð vegferð. En sem betur fer hefur tekist að skila flestu með miklum sóma. Harmur og söknuður býr í brjóstum stjórnarmanna og í hugum þeirra allra er sem þjóðskáldið Jóhannes Katlaskáld segir í „Eigi skal höggva“. „Gáfunnar ársal Æsir bjartir lýsa Einherjar djúpt í sálu falla og rísa“.

Ingvar var kosin í stjórn Samtaka aldraðra 2003 og hefur verið endurkjörinn æ síðan.

Árið 2005 var hann kjörin gjaldkeri samtakanna, sem hefur reynst einstök happgjörð, þar sem hans mikla reynsla af fjármálagæslu og gerð vandaðra skilagreina jók mjög á öryggi stjórnar og auðveldaði mjög kynningarstarfið til félaga samtakanna og annarra ráðamanna. Ingvar var harður, æðrulaus, yfirvegaður, já einrænn, sjálfum sér nægur, en umfram allt annað heiðursmaður sem dustaði ekki verkrykið undir teppi, en borðlagði til greiningar ef greina þurfti. Aðal einkennið Ingvars var hæversk og kurteis framkoma með þungri undiröldu alvöru manns. Óhætt er að segja að viðskiptaaðilar samtakanna og við félagar hans í stjórn SA bárum mikið traust til allra verka sem hann vann og naut Ingvar mikillar virðingar fyrir. Sannarlega vann hann af trúmennsku og ábyrgðarkennd fyrir velferð SA og hlúði að bjartri framtíðarhyggju, þá sérstaklega með í huga Sléttuvegs sigra SA 2008-2011. Sigrá sem unnust vegna vandaðra verka hans.

Já stundum koma inn á leiksvið sérhvers manns, menn, sem verða gimsteinar minninganna.

Takk fyrir mig og Samtök aldraðra.

Eiginkonu Ingvars, Sigríði Þorláksdóttir og öllum öðrum aðstandendum sendir stjórn Samtaka aldraðra hugheilar samúðarkveðjur og kærar þakkir og biður góðan Guð að blessa minningu Ingvars Georgssonar félaga okkar, góðs drengs og sonar Siglufjarðar.

*Erling Garðar Jónasson*

# Aðalfundur samtakanna 3. apríl 1997

## Borgarstjóri Reykjavíkur Ingibjörg Sólrún sat fundinn.

„Halda stjórnvöld að við tökum ekki eftir eða skiljum ekki hvert hinir yngri stjórnámálmenn í þeirra röðum stefna með hinni ísköldu svonefndri frjálshyggju þar sem gildi fjármagns er ofar öðrum gildum og virðast halda að öll auðæfi og peningaleg eign sé í eigu eldra fólks og úr þeim brunni megi ausa fjármunum til sameiginlegra þarfa og til einstakra gæluverkefna þeirra. Halda stjórnvöld að við tökum ekki eftir að eldra fólki er ýtt miskunnarlaust út af vinnumarkaði hvort sem það villi eða ekki, og sama er að segja um allar áhrifa stöður sem við gætum látið rödd okkar heyrast, og talað okkar máli og fylgt þeim eftir, við erum hvergi höfð með í ráðum þrátt fyrir yfirlýsingar bæði frá ríki og borg í

þá veru. Halda stjórnvöld að við skiljum ekki að þau vinna ötullega að því að halda kjörum okkar við eða neðan við nauðpurftarmörk. (fátækramörk). Halda stjórnvöld að við finnum ekki fyrir að mjög er hert að okkur í heilbrigðismálum með niðurskurði og aukinni þátttöku í kostnaði við læknisþjónustu og í lyfjakaupum. Ég ætla ekki í þessu erindi mínu að tíunda hvert atriði þess sem stjórnvöld hafa vegið að okkar hagsmunum undanfarin misseri það hefur margt fólk úr okkar röðum gert með miklum myndarbrag bæði í ræðum og riti að undanfögnu“.

Kafla úr ræðu Sverris Björnssonar á fundinum.

## Íbúðir til sölu

### Dalbraut 16 - íbúð 104

- 3ja herbergja íbúð á 1. hæð, merkt 01-04, er til sölu. Íbúðin er 93,4 m<sup>2</sup> samkvæmt Fasteignaskrá Íslands.
- Sér geymsla er í kjallara um 3,5 m<sup>2</sup>.
- Parket úr eik er á stofu, svefnherbergjum, eldhúsi og gangi. Öryggisvinyldúkur er á baði.
- Innihurðir, eldhúsinnrétting og skápar eru spónlagðir með kirsuberjaspæni.
- Helluborð og bakaraofn eru frá Electrolux.
- Baðherbergisveggir eru flísalagðir í hæðina 210 cm. Innrétting er með innbyggðri handlaug. Svalagólf er málað og með plastflísu.
- Útveggir eru einangraðir að utan og klæddir með lituðu áli.
- Stæði í upphitaðri bílgeymslu fylgir með.
- Sameiginlegt þvottahús er í kjallara með þvottavél og þurrkara.

**Framreiknað verð er kr. 35.450.000,-.**



### Dalbraut 20 - íbúð 305

- 2ja herbergja íbúð á 3. hæð, merkt 03-05 er til sölu. Íbúðin er 52,0 m<sup>2</sup>.
- Geymsla er í kjallara 6,7 m<sup>2</sup>.
- Búið er að opna geymsluna sem er innan íbúðar fram á gang. Nýtist t.d. sem tölvukrókur.
- Korkflísar eru á stofu, eldhúsi, svefnherbergi og geymslu. Vinyldúkur á baði.
- Eldhúsinnrétting og fataskápar eru með ljósum hurðum kantlímdum með beyki.
- Innihurðir eru spónlagðir með beyki spæni.
- Í baðherbergi er innrétting með innbyggðri handlaug.
- Veggir eru klæddir með veggdúk. Tengir er fyrir þvottavél. Sturtuhorn er úr áli og hertu gleri.
- Electrolux eldavél með fjórum hellum. Rafha vifta.
- Sameiginlegt þvottahús með þvottavél og þurrkara er í kjallara.

**Framreiknað verð er kr. 20.230.000,-**





# Elli-og hjúkrunarheimilið Grund

Í fréttabréfum Samtaka aldraðra hefur þótt rétt að rifja upp gengin spor í velferðarbaráttu aldraðra, með því hyggja að lífi og störfum brautryðjenda. Eftir Óttar P. Halldórsson: (Samvinnan 1975)

Þegar litið er til fortíðarinnar hljóta menn oft að undrast þau afrek, sem þá hafa verið unnin, þrátt fyrir mikil vanefni á flestum sviðum, miðað við það sem nú er — vanefni á veraldlega vísu. Í þess stað hafa menn haft til að bera viljastyrk og dugnað til að framkvæma hluti, sem í dag virðast óhugsandi í fljótu bragði. Nú skal í stuttu máli brugðið upp svipmynd af því umhverfi, sem Grund spratt upp úr. Er hér að verulegu leyti stuðzt við rit séra Sigurbjörns Á. Gíslasonar „Elli- og hjúkrunarheimilið Grund 10 ára“ (1940).

## Stofnuð Grund

Seint á árinu 1913 hófst í Reykjavík fyrir frumkvæði allmargra aðila líknarstarfsemi, sem var í því fólgin að safna gjöfum og mat til handa fátæku fólki. Þessi samtök gengu undir nafninu Samverjinn, og voru meginstoðir hans þeir Sigurbjörn Á. Gíslason, Flosi Sigurðsson, Páll Jónsson og síðar Júlíus Árnason og Haraldur Sigurðsson og urðu þeir stofnendur og í stjórn Grundar til dauðadags.

Fleiri félög s.s. Hvítabandið, Thorvaldsensfélagið, Kvenfélagið Hringurinn, Hjálpræðisherinn o. m. fl. höfðu einnig starfað að líknarmálum. Um það leyti er Samverjinn hóf starfsemi sína, voru íbúar Reykjavíkur 10—11 þúsund. Fátækt var mikil miðað við það, sem nú gerist, og barnmargar fjölskyldur voru tiltölulega margar. Árangur líknarstarfsins á þeim 10 árum, sem Samverjinn starfaði, var ótrúlega mikill, því að á þessu tímabili var aflað kr. 56.000,— í peningum og matvörum. Meðalverð máltíðar á þessum árum var 10—20 aurar, og sést af því um hve háa upphæð

var að ræða. Á árinu 1922 ritar séra Sigurbjörn Á. Gíslason nokkrar greinar í dagblöðin og fer þar orðum um nauðsyn þess, að stofnað verði elliheimili í Reykjavík. Strax það haust safnast kr. 8.000,— með samskotum bæjarbúa, og þá í septembermánuði eru fest kaup á steinhúsi, í nánd við þar sem nú er Kaplaskjólsvvegur í vesturhluta Reykjavíkur. Húsið var kallað Grund og fylgdi nafnið elliheimilinu. Kaupverðið 35 þúsund og um 10 þúsund kostaði að lagfæra húsið og breyta því, en hvorki var vatn né rafmagn tengt við húsið. Húsið var vígt 29. október 1922, sem telst stofndagur Grundar.

Við vígslu gömlu Grundar voru 6 vistmenn þegar fluttir í húsið. Rúm voru fyrir 23 vistmenn, og urðu þau fljótt fullskipuð. Aðeins liðu um 10 vikur frá því að fjársöfnun hófst þar til starfsemin hófst, og þætti það góður gangur nú á tímum. Næstu 8 árin starfaði Grund í þessu gamla húsi við Kaplaskjólsveginn eða allt fram til ársins 1930, þegar hluti stórhýsisins við Hringbraut var fullbyggður og tekinn í notkun.

Grund er sjálfseignarstofnun, og var skipulagsskráin staðfest af konungi þann 30. janúar 1925. En markið var sett hærra. Knýjandi þörf var fyrir stærra elliheimili í Reykjavík. Fjársöfnun var haldið áfram, og bárust gjafir frá fjölmörgum velunnurum stofnunarinnar, og yrði of langt mál að rekja það hér, enda þótt um stórgjafir væri að ræða frá sumum, eða allt upp í kr. 10.000,—, sem voru miklir peningar í þá daga. Þeir peningar, sem söfnuðust á þennan hátt, voru lagðir í byggingarsjóð, og árið 1927 beitti Knud

Zimsen borgarstjóri sér fyrir því, að Grund var úthlutað 6200 m<sup>2</sup> lóð milli Hringbrautar og Brávallagötu. Sigurður Guðmundsson arkitekt teiknaði húsið og fékkst byggingarleyfi árið 1928. Hófst byggingarframkvæmdir þá síðsumars. Hin nýja bygging við Hringbraut var vígð þann 28. september 1930. Má hverjum manni ljóst vera, að hér var um mikið átak að ræða, en að byggingu hússins stóðu aðeins örfáir dugnaðarmenn. Peningar voru af skornum skammti. Borgarstjórn hafði samþykkt að lána til framkvæmdanna s. k. Gamalmennasjóð bæjarins, er þá nam kr. 90.000,— Engu að síður voru fjárkröggurnar miklar, og aðeins fyrir dugnað og ósérhlífni tókst að lokum að koma upp húsinu. Á núverandi verðlagi myndu þær framkvæmdir, sem þarna var í ráðizt, kosta kr. 150—180 milljónir, og hygg ég, að nú fengjust ekki áhugamenn einir til að axla þær byrðar, sem slíkar framkvæmdir eru. Margir eru þeir, sem lögðu hönd á plóginn og gerðu þetta kleift. Sjálfboðavinna var mikil; víðast hvar var mætt skilningi og velvild í bönkum og lánastofnunum, þótt oft hafi komið fyrir, að ekki hafi verið hægt að greiða smiðunum vinnulaun á réttum tíma. Vistmannafjöldinn óx hröðum skrefum úr 56 við vígslu Grundar, og var strax á næsta ári kominn yfir hundrað, en fullskipað tók húsið um 140 vistmenn. Forstjóri var ráðinn Haraldur Sigurðsson, og gegndi hann því starfi, þar til hann lézt árið 1934. Þá tók við forstjórastarfinu Gísli Sigurbjörnsson, og hefur hann gegnt því starfi síðan.

Með viðbyggingum hefur húsið við Hringbraut stækkað úr því, sem upphaflegt var. Árið 1948 var byggt

# Sléttuvegshverfið – hvar er þjónustuselið?



Spyrjum við og spyrjum og spyrjum og spyrjum og spyrjum???

Laddi myndi orða spurninguna svona, um þessa hreinu smámuni í seinustu kreppu. Hrafnistumenn hvar dvelur málið? og sönglum *Hrafnistumenn* með viðeigandi þrótti.

Framhald af bls. 9.

við húsið að norðanverðu, og var þá hægt að fjölga vistmönnum talsvert. Þá hafa síðari viðbyggingar (1951 og 1955) aukið húsrými til muna, svo og bygging starfsmannahúss við Blómvallagötu, sem frá 1965 hefur verið til notkunar fyrir vistfólk og hlotið nafnið Minni Grund. Um síðustu áramót voru vistmenn á Grund orðnir 376 talsins, 271 kona og 105 karlar. Margir kunna að furða sig á þeirri staðreynd, að ríkissjóður lagði aldrei fram fé til byggingarstarfseminnar, hvorki fyrir né síðar. Ríkissjóður lagði fram nokkurn fjárfstyrk um skeið, en hin síðari ár hefur sá styrkur verið afþakkaður. Stofnunin naut nokkurs, en þó óverulegs rekstrarstyrks úr borgarsjóði um skeið, en þeim styrk hefur nú einnig verið hafnað. Gjafir til starfseminnar

hafa einnig verið fremur sjaldgæfar. Borgarsjóður Reykjavíkur hefur lagt til byggingarframkvæmda samtals nálægt 2,5 millj. króna og ennfremur lóðina Minni Grund. Nýlega hefur stofnunin fest kaup á stórrí lóð við Brávallagötu, og verður þar á sínum tíma reist Litla Grund með íbúðum fyrir aldrað fólk. Fjáröfnun hefur staðið í nokkur ár og gengið illa, enda virðist áhugi manna á því máli vera harla lítill.

## Starfsemin í Hveragerði

Árið 1952 tók Dvalarheimilið Ás í Hveragerði til starfa. Tildrög þess voru þau, að samningur var gerður milli elliheimilisnefndar Árnassýslu og Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar, sem fól m. a. í sér, að sýslan lagði fram tvö hús og síðar önnur tvö, en

allur rekstur heimilisins yrði á ábyrgð Grundar. Árnassýslu yrðu jafnframt tryggð vistpláss á Grund og í Ási eftir atvikum. Samningurinn var til 20 ára og hefur síðan verið endurnýjaður. Rekstur Dvalarheimilisins Áss hefur því allt frá upphafi verið á vegum Grundar og undir daglegri stjórn Gísla Sigurbjörnssonar forstjóra.

*Erling Garðar Jónasson:*  
*Á núverandi verðlagi má ætla að stofnkostnaður tvíbýlis hjúkrunarheimlis fyrir 140 manns sé um fjórir miljarðar króna og rekstrarkostnaður um 150 milljónir króna á ári. Já mikið afrek og takið eftir 1930: Í heimskreppu.*

# Margt hefur tekist á rúmum 40 árum, þar á meðal 443 íbúðir byggðar, þurfum viðbót strax!



„Það sem maður er  
ánægðastur með er þegar  
maður hefur getað sett góða  
vinnu í ráðgjöfina sem fólk er  
ánægt með og virkar.“

Skúli G. Ingvarsson  
fjármálaráðgjafi

## ÞEGAR SKIPTA Á UM HÚSNÆÐI ER GÓÐ RÁÐGFJÖF GULLS ÍGILDI

Íbúðakaup eru stærsta fjárfesting okkar flestra. Miklir fjármunir geta legið bundnir í fasteign og við starfslok huga margir að því að minnka við sig og nýta fé sitt með öðrum hætti. Að mörgu er að hyggja þegar slík ákvörðun er tekin og traust ráðgjöf byggð á þekkingu og fagmennsku gegnir þar lykilhlutverki.

▶ Á [arionbanki.is/ibudalausnir](https://arionbanki.is/ibudalausnir) finnur þú myndbönd þar sem Skúli og aðrir fjármálaráðgjafar Arion banka gefa góð ráð.

ARION ÍBÚÐALOUSNIR

 Arion banki